

Snæfellsbær
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 3. júní 2021
UST202106-001/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hraunbali í landi Miðhúsa - Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraunbala í landi Miðhúsa í Snæfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir níu frístundarlóðum þar sem heimilt er að reisa frístundahús og hugsanlega aukahús/geymslu þar sem stærð húsanna getur verið allt að 140 m². Sjö lóðir hafa þegar verið byggðar og lagður hefur verið vegur inn á þær.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið innan skipulagssvæðisins fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir stofnunin á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum

kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist *Utanvert Snæfellsnes* og er númer 233 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem fjölbreytilegu landslagi, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Þar eru eldstöðvar og hraun frá nútíma og er fjölsótt útivistarsvæði.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi að svæðið er á náttúruminjaskrá og metið hvort tillagan hafi áhrif á svæðið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur